

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1002

Dagsetning: 31. október 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Nanna Sigríður Kristinsdóttir, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigurborg Jónsdóttir, Hanna Lind Garðarsdóttir, og A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 6.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 25. október samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Erindi um flutning fjármögnunarlíkans til SÍ

Rætt um erindi frá einkareknum heilsugæslum til heilbrigðisráðherra þar sem kallað er eftir því að umsjón og eftirlit með fjármögnunarlíkani heilsugæslunnar verði fært frá heilbrigðisráðuneytinu til Sjúkratrygginga Íslands. Ákveðið var að taka málið upp á næsta fagfundi í heilbrigðisráðuneytinu.

4. Fjarvinnustefna HH

Umræðu frestað til næsta fundar.

5. Starfsfólk í landsliðsverkefnum

Umræðu frestað til næsta fundar.

6. Starfsdagur stjórnenda

Undirbúningsnefnd vegna starfsdags stjórnenda 16. nóvember kynnti drög að dagskrá og fá innlegg framkvæmdastjórnar varðandi starfsdaginn.

7. Árshátíð HH 2024

Umræðu frestað til næsta fundar.

8. Húsnæðismál

Umræður um ýmis húsnæðismál. Fjallað um framtíðarhúsnæði Upplýsingamiðstöðvar HH, Geðheilsuteymis fangelsa og fleiri eininga. Rætt um það sem eftir er að gera vegna flutninga geðheilsuteyma í Vegmúllann. Upplýst var að HH geti leigt meira rými á jarðhæð Skógarhlíðar

og möguleiki á að Heilaörvunarmiðstöðin komist þangað. Geðheilsuteymi HH Suður hefur áhuga á að fá meira pláss í Bæjarlind, framkvæmdastjórn tekur vel í þá hugmynd. Umræður um uppbyggingu heilsugæslustöðvar nærri nýjum hverfum í Hafnarfirði í kjölfar fundar með bæjarstjóra í gær. Rætt um nýtingu til framtíðar á rými í Árbæ þar sem Heilsugæslan Grafarvogi er tímabundið.

9. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

10. Samningur við Proency

Unnið er að því að gera samning við Proency og útfærslu á framlagi HH til verkefnisins. Óskað verður eftir greinargerð áður en framkvæmdastjórn tekur afstöðu til samningsins.

11. Samningur við Dómus barnalækna

Dómus barnalæknar hafa óskað eftir að framlengja samning um greiningar á ADHD barna. Framkvæmdastjórn leggur til að samningurinn verði framlengdur um sex mánuði.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:15